



Reykjavík 17.11.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Háaleitisskóli, Hvassaleiti

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, mótt. 28. september 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisskóla, Hvassaleiti að Stóragerði 11A. Í breytingunni felst að ný stæði fyrir hreyfihamlaða verða útbúin við aðalinngang skólans og gert er ráð fyrir að önnur bílastæði (alls 32 stæði) verði færð innan skólalóðar í suðvesturhorn lóðarinnar með nýrri aðkomu frá Brekkugerði, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf., dags. 9. nóvember 2017.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísad til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir


Fylgiskjal: uppdráttur Hornsteina arkitekta ehf., dags. 9. nóvember 2017.

HÁALEITISSKÓLI / HVASSALEITI

DEILISKIPULAGSBREYTING

Staðgreinir 0-1- 1804101

Landnúmer 107732



NÚGILDNADI DEILISKIPULAG mvk. 1:1000

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hvassaleitisskóla sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur þann 25. ágúst 1998, birt í B-deild Stjórnartíðinda 31. maí 1999. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 er landnotkun á deiliskipulagssvæðinu samfélagsþjónusta.

Afmörkun deiliskipulagssvæðis

Núverandi deiliskipulagssvæði afmarkast af Stóragarði, Heiðargerði og Brekkugerði.

Forsendur


Hvassaleitisskóli var byggður árið 1965 og stækkaður árið 1999. Árið 2012 var skólinn sameinaður Álfamyraskóla og eru starfstöðvarnar tvær; Háaleitisskóli/Hvassaleiti og Háaleitisskóli/Álfamýri. Í Háaleitisskóli/Hvassaleiti eru nemendur frá 1-7. bekk og gert er ráð fyrir að nemendur sækji 8.-10. bekk í Háaleitisskóli/Álfamýri. Árið 2016 var nemendafjöldi Háaleitisskóla 502.

Háaleitisskóli/Hvassaleiti liggur inn í grónu íbúðahverfi. Gönguleiðir liggja að skólalóðinni frá nærliggjandi íbúðarbyggð, en aðalaðkoma akandi vegfaranda er frá Stóragarði um þröngt sund að núverandi bílastæðum.

Á lóðinni eru samtals 32 bílastæði, staðsett í norðvestur horni lóðar.

Öll aðföng að skólanum sem og aðkoma sérbíla, þar með talin aðkoma farartækja hreyfihamlaðra nemenda skólans, liggja einnig um sundið og blandast því gangandi og hjólandi vegfarendum sem getur skapað hættu.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 og hjólréiðáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020 leggur áherslu á hvetjandi umhverfi sem styður við hjólréiðar svo Reykjavík verði betri hjólaborg. Samkvæmt markmiðum sáttmála þessara er gert ráð fyrir reiðhjólástæðum við grunnskóla borgarinnar sem nemur 20% fjölda nemenda, kennara og annarra starfsmanna við skólann. Helmingur hjólástæða skal verða yfirbyggður.



TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI mvk. 1:1000

Forsendur

Nú standa yfir endurbætur á lóð Háaleitisskóla/Hvassaleiti. Megináhersla skólayfirvalda og forráðamana barna við undirbúningsvinnu endurbótanna er öryggi og bætt aðgengi að skólalóðinni og innan hennar. Tillögur að endurbótum felast í því að færa til núverandi bílastæði innan lóðar, frá núverandi staðsetningu með aðkomu frá Stóragarði, í suðvesturhorn skólalóðarinnar með nýrri aðkomu frá Brekkugerði.

Markmið

Endurbæta aðkomu að skólanum og tryggja almennt öryggi nemenda, starfsmanna og annarra vegfarenda; að, frá og innan lóðar :

- Skilja að umferð og leik.
- Færa núverandi bílastæði til innan lóðar með aðkomu frá Brekkugerði.
- Gera núverandi bílastæði að leiksvæði nemenda, með áherslu á íþróttta-þrek og þrautaleiki.
- Bæta aðkomu hreyfihamlaðra og tryggja bílastæði fyrir þá.
- Skóða aðkomu bíla með aðföng að elahúsi, neyðarbíla og sorphirðu

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu

Breytingin felst í að færa bílastæði á lóð, alls 32 stæði frá norðurhluta lóðar yfir suðurhluta lóðar með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Fjöldi bílastæða á skólalóðinni helst óbreyttur. Aðkoma hreyfihamlaðra og annarra sérbíla verður áfram um sundið frá Stóragarði. Stæði fyrir hreyfihamlaða verða áfram staðsett við aðalinngang skólans.

Við þessa breytingu skapast nými til verulegra endurbóta á lóðinni næst skólabýggingu:

- Nýtt leiksvæði í tengslum við íþróttahús skólans, með áherslu á þrek- og þrautaleiki
- Endurbætt aðkoma fyrir aðföng



SKÝRINGARMYND mvk. 1:1000


Deiliskipulag Háaleitisskóla/Hvassaleiti er stækkað og nær nú að götunni Brekkugerði til suðurs.

Fella þarf tré vegna nýrrar innkeyrslu inn á bílastæði skólans við Brekkugerði en annar trjágróður meðfram skólalóð stendur áfram og verður styrktur frekar, meðal annars til að draga úr innsýn inn á skólalóðina. Núverandi bílastæði á borgarlandi í götu hlíðrast til vegna nýrrar innkeyrslu að bílastæðum skólalóðarinnar, en fjöldi þeirra verður óbreyttur.

Núverandi gönguleið frá Brekkugerði inn á skólalóðina er óbreytt, en gert er ráð fyrir að yfirborð hennar verði endurbætt að skólabýggingunni.

Annað fyrirkomulag á lóð sem sýnt er á skýringarmynd er ekki bindandi.

Að öðru leyti standa áður samþykktir skilmálar deiliskipulags Háaleitisskóla/Hvassaleiti óbreyttir.



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-30.

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðamörk
- Núverandi skólabýgging
- Aðkoma aðfanga og hreyfihamlaðra
- Ný innkeyrsla inn á skólalóð
- Helstu göngustígar á lóð
- Bílastæði á skólalóð
- Bílastæði fatlaðra

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010

var samþykkt í

þann _____ 20__ og á

þann _____ 20__

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2017

Skipulagsfulltrúi

Dags: 9. nóv. 2017
Mælikvarði: 1:1.000 (á2 línng)



hornsteinar
arkitektar ehf

vinnustofa ingólfsstræti 5, 101 reykjavík